

Mánudaginn 8. janúar 1968.

Nr. 206/1967. **Valdstjórnin**

gegn

Werner Magnússyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Geðheilbrigðisrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 23. desember 1967, er barst dóminum 30. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður.

Hinn kærða úrskurð ber að staðfesta með skírskotun til forsendna hans, sbr. og 75. gr., 2, d, laga nr. 82/1961.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. desember 1967.

Ár 1967, laugardaginn 23. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg af Þórði Björnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 25. f. m. kærði X, nemandi í ..., ..., Kópavogi, fædd 24. maí 1951, til rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík út af því, að tveimur dögum áður hefði hún verið slegin í höfuðið og síðan hefði henni verið nauðgað. Fyrir sakadómi hefur hún skýrt frá því, að 23. f. m. hafi hún verið gestur í herbergi Werners Magnússonar á Grenimel 16 hér í borg og þar hafi einnig verið maður að nafni Arne Andersen. Hún hafi verið komin í kápu sína og ætlað að fara á brott, þegar Werner hafi án nokkurs tilefnis frá henni þrifið í hana og hrundið henni í vegg í herberginu. Síðan hafi hann slegið höfði hennar við vegginn og slegið hana tvö eða fleiri högg í andlitið, að því er henni fannst með krepptum

hnefa. Hún hafi fengið miklar blóðnasir og orðið ofsalega hrædd og rugluð. Því næst hafi henni verið, að því er hún heldur, hrundið með nokkrum hrindingum á dívan og svo hafi fyrrgreindir tveir menn klætt hana úr öllum fötum. Síðan hafi Arne haft samfarir við hana gegn vilja hennar. Hún hafi reynt að klemma fæturna saman, en hann hafi skilið þá í sundur með höndunum. Hún hafi ekki hrópað á hjálp eða beitt öllu afli gegn Arne af ótta við, að hann eða þeir félagar mundu lemja hana enn meira en orðið var, og hafi hún hreinlega gefizt upp. Síðan hafi Werner lagzt á dívaninn hjá henni og kysst hana. Minnir hana, að hann hafi kysst kynfæri hennar, en hún kveðst þó ekki vera alveg 100% örugg um það. Hún kveður, að áður en hún fór í fót sín, hafi hún spurt Arne að því, hvort hún mætti fara, og hafi hann þá sagt, að Werner vildi ekki leyfa það. Eftir dálitla stund hafi henni dottið í hug að segja við þá féлага, að hún mundi hitta þá næsta dag í Hressingarskálanum og hafi þeir þá samþykkt, að hún færi burt.

Kærði Arne Børge Jedig Andersen sjómaður, Lækjarkinn 26, Hafnarfirði, fæddur 23. janúar 1948 í Kaupmannahöfn, hefur borið fyrir dómi, að eftir að X hafi verið komin í kápu sína, hafi kærði Werner og hún rifizt í um eina mínútu og hún kallað hann „Bauna“. Hafi hann þá slegið hana 3—4 högg í andlitið með löfa og handarbaki. Kveður kærði Arne, að hún hafi ekki fallið á gólfið og hafi hann ekki séð höfuð hennar slást við vegg í herberginu. Kærði Werner hafi svo tekið um axlir hennar og hún gengið að dívaninum og lagzt út af á hann, eftir að kærði Arne sagði henni að gera það. Hún hafi síðan klætt sig úr peysunni, en kærði Werner hafi klætt hana úr öðrum fötum nema brjóstahöldunum, sem hafi verið svo fast krækt, að kærði Arne hafi skorið þau í sundur með hníf. Síðan hafi kærði Werner afklætt sig og haft orð á því, að hann ætlaði að hafa samfarir við stúlkuna á undan kærða Arne, en áður en til þess hafi komið, hafi kærði Werner þurft að fara fram á salerni. Á meðan hann var í burtu, kveðst kærði Arne hafa afklætt sig og haft samfarir við stúlkuna. Hún hafi verið jafn áfjád í þær og hann. Hafi hún kysst hann, svarað vinalegum orðum hans með sams konar orðum og lagt fæturna upp á bak hans. Þessu hefur X eindregið mótmælt. Síðan hafi kærði Werner lagzt á dívaninn hjá stúlkunni, en hann viti ekki, hvað þá gerðist. Hún hafi spurt hann (kærða Arne) að því, eftir að hún hafði klætt sig, hvort hún mætti fara á brott, og hafi kærði Werner þá neitað því af ein-

hverjum ástæðum. Hún hafi þá lofað því að hitta hann daginn eftir í Hressingarskálanum og hafi hann þá samþykkt, að hún færi burt.

Kærði Werner Magnússon trésmiður, Grenimel 16 hér í borg, fæddur 6. ágúst 1924 í Kaupmannahöfn, hefur borið fyrir dómi, að hann og X hafi farið eitthvað að rífast og hún kallað hann „Bauna“. Hann hafi þá slegið hana 3—4 högg með lófa og handarbaki hægri handar í andlitið. Hún hafi ekki fallið í gólfið og hann hafi ekki slegið höfði hennar við vegg og haldi hann, að höfuðið hafi ekki fallið á vegg. Hún hafi svo legið á divaninum, og kveðst hann ekki hafa borið hana þangað og heldur einna helst, að þau þrjú hafi öll fylgt þangað. Hún hafi svo klætt sig sjálf úr fötunum nema nærbuxunum, sem kærði Werner hafi fært hana úr, og brjóstahöndunum, sem kærði Arne hafi skorið í sundur með hnif. Síðan hafi hann og kærði Arne farið úr fötum sínum. Hann kveður, að tilgangur hans hafi ekki verið að hafa samfarir við stúlkuna og hafi hann verið orðinn of ölvaður til þess, en ætlan hans hafi verið að kyssa hana hér og þar um líkamann. Hann hafi svo farið fram á salerni og komið aftur inn í herbergið eftir um 10—15 mínútur. Hafi kærði Arne og stúlkan þá verið í samförum á divaninum, og virtist honum, að þær væru ekki að óvilja hennar, því að hún hafi ekki sýnt mótstöðu og haft annan fót sinn eða þá báða upp um bak kærða Arne. Að samförunum loknum hafi kærði Arne farið af divaninum og kærði Werner þá lagzt á hann hjá stúlkunni. Hann hafi ekki haft samfarir við hana, en kysst hana um allan líkamann, og þar á meðal kynfæri hennar. Kærði Werner minnst þess ekki að hafa reynt að hindra stúlkuna í að fara brott eftir þetta, en minnst, að hann hafi sagt, að hún ætti ekki að fara, fyrr en þau öll þrjú hefðu fengið sér „áfengissjúss“.

X hafði ásamt þremur vinstúlkum sínum, þeim A, fæddri 17. febrúar 1951, B, fæddri 27. september 1951, og C, fæddri 29. febrúar 1952, svo og kærða Arne farið heim til kærða Werners milli kl. 17 og 18 þennan dag. Vinstúlkur X fóru svo burt, en hún varð eftir, og kvaðst B mundu koma aftur seinna til að sækja hana.

Vitnið B kveðst hafa komið aftur til kærða Werners litlu eftir kl. 2300. Hún hafi bankað á dyrnar hjá honum og spurt hann að því, hvort X væri inni hjá honum. Hann hafi engu svarað því, heldur þrifið í hana, þar sem hún stóð í dyragættinni, og togað hana inn í herbergið, en kærði Arne hafi lokað dyrunum, læst

þeim og falið lykilinn. Hún hafi heimtað að fá að fara út, en þeir ekki anzað því. Kærði Arne hafi aðeins verið klæddur í stuttar nærbuxur og þegar hér var komið, hafi hann togað þær niður fyrir hné, svo að kynfæri hans voru ber. Hún hafi nú sagzt mundu hrópa á lögreglu, ef þeir hleyptu henni ekki tafarlaust út. Hafi kærði Arne þá dregið lykilinn fram undan gólfteppinu, opnað dyrnar og hleypt henni út. Hún heldur, að hún hafi verið læst í herberginu í tæplega 10 mínútur.

Kærði Arne kveður, að einhvern tíma seinna um kvöldið hafi ein af stúlkunum komið aftur og spurt um vinstúlku sína. Þegar hún hafi verið komin inn í herbergið, hafi hann læst því og falið lykilinn undir teppinu. Hann kveðst ekki geta greint frá ástæðunni fyrir því, að hann gerði þetta. Þeir félagar hafi sagt stúlkunni, að vinstúlka hennar væri farin, og var það rétt. Stúlkann hafi þá heimtað að fá að fara í burtu og hafi kærði Arne þá sagt kærða Werner að opna fyrir henni. Hafi hann gert það. Kærði Arne kveðst hafa verið á nærbuxunum í þetta skipti og hafi þær skýlt kynfærum hans.

Kærði Werner kveðst ekki muna til þess, að ein af stúlkunum þremur, sem farið höfðu burt fyrr um kvöldið, kæmi aftur inn í herbergi hans, en tekur fram, að seinast um kvöldið hafi hann verið orðinn mjög ölvaður.

Andrés Ásmundsson, sérfræðingur í kvensjúkdómum, Sunnubraut 33, Kópavogi, skoðaði X kl. 1630 laugardaginn 25. f. m., og segir í vottorði hans, sem dagsett er sama dag og hann hefur staðfest fyrir dómi, svo m. a.:

„Við skoðun fann ég litla kúlu hægra megin í hársverði. Hún hafði allstórt glóðarauga vinstra megin og eymsl yfir kinnbeini vinstra megin. Hún hafði eymsl yfir enni hægra megin, en engan marblett þar. Hún hafði litla marbletti á eftirtöldum stöðum: Aftan og framan á hægri öxl, á h. upphandlegg, á h. framhandlegg, utan á v. olnboga, innan á vinstra læri (5 litlir marblettir), innan á v. kálfa og á báðum þjóhnöppum. Hún kvaðst auðveldlega fá marbletti. Við skoðun á kyrfærum fann ég óverulegan roða í forgarði (vestibulum) sitt hvorum megin. Meydómshimna var án sýnilegrar rifu, en mjög eftirgefanleg og því auðvelt að stinga fingri inn í fæðingarvegin og því ekkert, sem mælir gegn því, að haft hafi verið við hana samræði umrætt kvöld, og það geti hafa verið í fyrsta sinn. Hún hafði litla hvíta útferð, og sáust ekki sáðlar í smásjá“.

Kærðu eru danskir ríkisborgarar, og hefur útlendingaeftirlitið

tilkynnt sakadómi, að það leggi til, ef kærðu verði sekir fundnir, að beitt verði í refsidómi ákvæðum 13. gr. laga nr. 45/1965 um brottvísun úr landi.

Kærðu voru úrskurðaðir í gæzluvarðhald 26. f. m. í allt að 30 daga, og var kærði Arne færður í gæzlu kl. 1722, en kærði Werner kl. 1726. Hafa þeir verið í gæzlu síðan, og rennur því gæzluvistartíminn út samkvæmt nefndum úrskurði þriðjudaginn 26. þ. m.

Rannsókn málsins er þó enn alls eigi lokið, og er eftir að yfirheyra báða hina kærðu og nokkur vitni frekar um málsatvik og samprófa þau, ef svo ber undir.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, og að öðru leyti með tilvísun til 1., 3. og 4. liðar 1. mgr. 67. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að framlengja gæzluvarðhaldsvist kærða Werners Magnússonar um allt að 5 vikur frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurðinum frá 26. f. m., þ. e. til þriðjudagsins 30. janúar 1968 kl. 1726.

Einnig þykir rétt, að kærði Werner Magnússon sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.

Ályktarorð:

Gæzluvarðhaldsvist kærða Werners Magnússonar framlengist um allt að 5 vikur frá lokum gæzluvarðhaldsvistar hans samkvæmt úrskurði dómsins 26. nóvember s. l., þ. e. til þriðjudagsins 30. janúar 1968 kl. 1726.

Kærði Werner Magnússon sæti því, að sérfræðingur í geðsjúkdómum rannsaki geðheilbrigði og sakhæfi hans.
